

Breyting á deiliskipulagi Látrabjargs

Breytt lega Örlygshafnarveggar um Hvallátur

Greinargerð
05.06.2020



Vesturbyggð



Baark



LANDMÓTUN®

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Greinargerð þessari fylgir deiliskipulagsuppdráttur dagsettur 05.06.2020.

Efnisyfirlit


1. Inngangur	4
2. Efni og umfang skipulagsbreytingar.....	5
3. Skipulagsskilmálar	6
4. Fyrirliggjandi stefna og tengsl við aðrar áætlanir	6
Verndarsvæði.....	6
5. Staðhættir og umhverfisaðstæður.....	8
Fornminjar.....	8
Náttúra.....	9
6. Umhverfisskýrsla.....	11
Umfjöllun um kosti, öflun upplýsinga og aðferðarfræði.....	11
Áhrifa- og umhverfisþættir og viðmið	12
Umhverfismat	13
7. Kynning og samráð.....	14
8. Heimildaskrá	15

Myndaskrá:

Mynd 1. Gildandi deiliskipulag Látrabjargs, teikning nr. S-3 (BAARK, 2014). Gerð er breyting á legu nýs tengivegar.	4
Mynd 2. Mynd úr matsskýrslu Vegagerðarinnar sem sýnir votlendi á breytingarsvæðinu (Vegagerðin 2019).	4
Mynd 3. Hluti sveitarfélagsuppdráttar aðalskipulags Vesturbyggðar 2006-2018, gamla veglínan (svört) og nýja veglínan (græn) sunnan af Hvallátrum eru sýndar á uppdrættinum.	5
Mynd 4. Yfirlitsmynd sem sýnir fyrirhugaða nýja veglínu sunnan Hvallátra á loftmynd.	6
Mynd 5. Hluti gildandi aðalskipulags Vesturbyggðar sem sýnir staðsetningu breytingarinnar, hverfisverndarsvæði H1 (hvít skrafering) og náttúruvinnur nr. 307 (svört skrafering).	7
Mynd 6. Mörk friðlýsta svæðisins (Umhverfisstofnun, 2019).....	8
Mynd 7. Skýringarmyndir sem sýna minjar í kringum vegstæði í gildandi deiliskipulagi og tillögu að breyttu vegstæði.	8
Mynd 8. Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands.	10
Mynd 9. Samanburður á veglínu í gildandi deiliskipulagi (rauð) og tillögu að breytttri veglínu (svört).....	11
Forsíðumynd: Landmótun.	

Töfluskrá:


Tafla 1. Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu.....	12
Tafla 2. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins.	13
Tafla 3. Samanburður á valkostum.	14
Tafla 4. Samanburður við núllkost- Yfirlit.	14



Mynd 1. Gildandi deiliskipulag Látrabjargs, teikning nr. S-3 (BAARK, 2014). Gerð er breyting á legu nýs tengivegar.

1. Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar hefur Sveitarfélagið Vesturbyggð ákveðið að gera breytingu á deiliskipulagi Látrabjargs vegna breytingar á legu Örlygshafnarvegur nr. 612 sunnan af Hvallátum. Við Hvallátur er sumarhúsaþyrping sem samanstendur af 11 húsum, nokkrum uppgerðum eldri húsum og nýrri bjálkahúsum. Fram kemur í deiliskipulagi Látrabjargs frá árinu 2015 að færsla vegarins suður fyrir byggðina sé mikilvæg en í dag liggur vegurinn í gegnum þyrpinguna. Um er að ræða breytingu á veglínu fyrir færslu Örlygshafnarvegur suður fyrir Hvallátur á 1,75 km löngum kafla, sem mun beina umferðinni fram hjá byggðinni í stað þess að hún fari í gegnum hana. Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi vegfarenda og íbúa Hvallátra og greiða fyrir samgöngum á svæðinu. Vegurinn er færður að beiðni landeigenda vegna mikils ónæðis af völdum umferðar um svæðið, en veglínu er m.a. breytt vegna hættu á mikilli snjósöfnun á veglínunni í deiliskipulaginu. Við frum- og forhönnun Vegagerðarinnar á nýrri veglínu kom í ljós að snjósöfnun er algeng þar sem veglínan sveigir til vesturs niður af hjöllum niður á flatlendið, syðst á svæðinu. Þar er einnig votlendi sem nýtur verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, sjá mynd 2.




Mynd 2. Mynd úr matsskýrslu Vegagerðarinnar sem sýnir votlendi á breytingarsvæðinu (Vegagerðin 2019).

Þar sem um nýjan veg utan þéttbýlis á verndarsvæði er að ræða falla framkvæmdir sem breytingin fjallar um í B-flokk 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 (liður 10.09). Því skal það metið hvort framkvæmdirnar skulu háðar mati á umhverfisáhrifum skv. lögnum. Kanna þarf matskyldu vegna nýrra vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum á náttúru-minjaskrá (sjá viðauka 1. liður 10.09 og viðauka 2, liður 1. i. *Stærð og umfang framkvæmdar* og liður 2. iii. a) en vegurinn mun fara yfir svæði sem er á náttúru-minjaskrá undir aðrar náttúru-minjar, svæði nr. 307, Breiðavík, Hvallátrar og Keflavík, á náttúru-minjaskrá. Þá liggur fyrirhuguð framkvæmd um svæði sem fellur undir **hverfisverndarsvæði H1** í Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018, þ.e. „Allt land vestan Þjóðvegjar um Kleifaheiði að Látrabjargi“, sjá kafla 1.8 um verndarsvæði. Að auki liggur fyrirhuguð framkvæmd innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt Þjóðminjalögum. Vegagerðin hefur unnið skýrslu vegna könnunar á matskyldu framkvæmdarinnar þar sem áhrif framkvæmdarinnar eru metin. Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif á umhverfið verði lágmörkuð. Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Er talið að umhverfisáhrif verði fremur lítil nema hvað varðar betri samgöngur og bætt umferðaröryggi á veginum en neikvæð áhrif vegaframkvæmdarinnar felast fyrst og fremst í landnotkun þar sem nýr vegur liggur í nýju vegstæði. Hætta á mengunarslysum á framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.¹


2. Efni og umfang skipulagsbreytingar.

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að veglínu Örlygshafnarvegjar nr. 612 skv. núgildandi deiliskipulagi er breytt. Í greinargerð þessari er fjallað nánar um helstu framkvæmdaþætti eins og veglínu, efnisþörf og skeringar. Deiliskipulagið gerir grein fyrir nauðsynlegum leyfum vegna vegaframkvæmda, helstu umhverfisáhrifum.



Mynd 3. Hluti sveitarfélagsuppráttar aðalskipulags Vesturbyggðar 2006-2018, gamla veglínan (svört) og nýja veglínan (græn) sunnan af Hvallátrum eru sýndar á uppráttinum.

¹ Örlygshafnarvegur (612) Um hvallátra í Látravík. Kynning vegaframkvæmda vegna könnunar á Matskyldu. Hönnunar- og tæknideild Vegagerðarinnar, febrúar 2020.



Mynd 4. Yfirlitsmynd sem sýnir fyrirhugaða nýja veglínu sunnan Hvallátra á loftmynd.

3. Skipulagsskilmálar

Breytingin á deiliskipulaginu mun auka umferðaöryggi þeirra vegfarenda sem leggja leið sína um svæðið en til þess að lágmarka neikvæð áhrif nýrrar legu og framkvæmda við hana skal fylgja eftir farandi skilmálum:

- Tillit skal taka til fornminja innan áhrifasvæðis nýrrar veglínu, þær merktar á framkvæmdartíma og samráð haft við Minjastofnun Íslands á framkvæmdartíma.
- Framkvæmdir skulu taka tillit til varptíma fugla.
- Öllu raski skal haldið í lágmarki og sérstök aðgát skal höfð við framkvæmdir nærri votlendi.
- Vegskeringar skulu aðlagðar landslagi og græddar upp með hliðsjón af gróðurfari svæðisins.

4. Fyrirliggjandi stefna og tengsl við aðrar áætlanir

Aðalskipulag Vesturbyggðar var staðfest 15. september 2006. Samkvæmt skipulaginu er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði og byggðin á Hvallátrum skilgreind sem frístundahúsabyggð. Um frístundabyggðina segir í aðalskipulagi: *sumarhúsbýrping sem samanstendur af 11 húsum. Nokkrum uppgerðum eldri húsum og nýrri bjálkahúsum.* Í kafla 2.5 *samgöngur og veitur*, kemur fram að á skipulagstímabilinu verði almennum endurbótum á tengibrautum haldið áfram til að stytta vegalengdir og bæta samgöngur í sveitarfélaginu. Taldir eru upp þeir vegir sem teljast til mikilvægra ferðamannaleiða og þarfnast endurbyggingar og er uppbygging Örlygshafnarvegur úr botni Patreksfjarðar að Bjargtöngum þar á meðal.

Verndarsvæði

Skipulagssvæðið er á hverfisverndarsvæði vegna náttúruvinnu **H1- Allt svæði vestan þjóðvegur um Kleifarheiði að Látrabjargi** í aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018. Um svæðið segir í aðalskipulaginu:

„Allt land vestan Þjóðvegur um Kleifaheiði. Framan við Látrabjarg liggja mörkin 2 km á sjó út en almennt við strönd liggja mörkin 100 m í sjó.“

Vegurinn liggur um svæði sem er nr. 307 undir aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá: Breiðavík, Hvallátrar og Keflavík, Vesturbyggð (áður Rauðasandshr.), V-Barðastrandasýslu. (1). Um svæðið segir í náttúruminjaskrá:


307. Breiðavík, Hvallátrar og Keflavík, Vesturbyggð (áður Rauðasandshr.), V-Barðastrandasýslu. (1) Svæðið markast af línu úr Stöð í Keflavík, um Kjöl (385 m y.s.), þaðan bein lína í Kóngshæð (402 m y.s.) og í Landamerkjahlein við Breið milli Breiðuvíkur og Vatnsdalsbótar. Látrabjarg, Bæjarbjarg, Breiðavíkurbjarg og Keflavíkurbjarg. (2) Stórkostleg fuglabjörg, hin mestu við Norður-Atlantshaf. Vel grónar bjargbrúnir og heiðar. Fjöldi þjóðminja.²



Mynd 5. Hluti gildandi aðalskipulags Vesturbyggðar sem sýnir staðsetningu breytingarinnar, hverfisverndarsvæði H1 (hvít skrafering) og náttúruminjar nr. 307 (svört skrafering).

Frá árinu 2011 hefur Umhverfisstofnun unnið að undirbúningi friðlýsingar Látrabjargs. Þann 9. desember 2019 vísaði Umhverfisstofnun friðlýsingu Látrabjargs til umhverfis- og auðlindaráðherra með vísan til 39. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 þar sem lagt var til að um 9,7 km hluti Látrabjargs verði friðlýstur sem friðland, sjá mynd 6.

² <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vestfirdir/>



Mynd 6. Mörk friðlýsta svæðisins (Umhverfisstofnun, 2019).



5. Staðhættir og umhverfisaðstæður

Sveitarfélagið Vesturbyggð er á sunnanverðum Vestfjörðum og varð til við sameiningu Barðastrandahrepps, Bíldudalshrepps, Patreksahrepps og Rauðasandshrepps árið 1994. Innan sveitarfélagsins eru tveir þéttbýlisstaðir, Bíldudalur og Patreksfjörður, auk nokkurra minni byggðarkjarna. Miklar breytingar hafa orðið á atvinnuháttum í Vesturbyggð á undanförunum árum og íbúapróun hefur verið nokkuð sveiflukennd. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni voru þeir flestir við stofnun sveitarfélagsins, tæplega 1.400 og fæstir 2011 þegar íbúafjöldinn fór niður í 890. Íbúum tók að fjölga á ný upp úr því og náðu hámarki árið 2017 en þá voru íbúar 1.030. Þeim hefur tekið að fækka á ný, niður í 1.024 árið 2018 og 998 í upphafi árs 2019, 1021 í ársbyrjum 2020.

Landbúnaður hefur dregist saman og aðrar atvinnugreinar komið í staðinn, svo sem fiskeldi og þjónusta við ferðamenn. Látrabjarg er einn vinsælasti ferðamannastaður Vestfjarða. Þar er uppbygging þjónustu og innviða nauðsynleg og henni fylgja mörg tækifæri. Látrabjarg er aðgengilegt frá náttúrunnar hendi og vel til þess fallið að taka á móti fjölda ferðamanna.

Fornminjar


Mynd 7. Skýringarmyndir sem sýna minjar í kringum vegstæði í gildandi deiliskipulagi og tillögu að breyttu vegstæði.



Svæðið var fornleifaskráð af Birnu Lárusdóttur og Sólveigu Guðmundsdóttur Beck árið 2013³ skv. lögum nr. 80/2012. Nokkuð er af skráðum minjum í innan við 100 m fjarlægð frá veglínunni sem nauðsynlegt er að taka fyllsta tillit til við framkvæmdir. Líkt og sést á mynd 7 er nýtt vegstæði fjær skráðum minjum og liggur ekki yfir neinar minjar, ólíkt vegstæði í gildandi deiliskipulagi. Finnist áður óþekktar minjar eða merki um minjar á framkvæmdatíma skal stöðva framkvæmdir samstundis og tilkynna Minjastofnun um fundinn, eins og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar gerir ráð fyrir.

Náttúra

³ Birna Lárusdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir Beck. *Fornleifaskráning á þremur jörðum í Rauðasandshreppi – Hvallátrar, Breiðavík og Keflavík*. FS624-13051. Reykjavík 2016.



Mynd 8. Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Á mynd 8 sjást þær vistgerðir sem finnast í nýju vegstæði og nágrenni þess og verndargildi þeirra samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands.⁴ Mestur hluti er hraungambravist, mosamelavist og stinnastaravist sem hafa lágt og miðlungs verndargildi. Þar sem nýi vegkaflinn mætir Örlygshafnarvegi (612) að vestan má finna Runnamýravist á láglendi og starungsmýravist sem hafa mjög hátt verndargildi og skal sérstakleg gætt að því að halda raski í lágmarki á því svæði. Varðveita skal gróðurlag og koma því aftur fyrir að framkvæmdartíma loknum þar sem því verður við komið. Við uppgræðslu skal farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli og sáð í vegkanta og vegfláa á grónu landi. Raskað svæði meðfram vegi skal jafnað og felld að umhverfinu fyrir sáningu. Sá skal gróðurtegundum sem henta svæðinu og skera sig ekki úr umhverfinu. Þá skal leita ráðgjafar og aðstoðar hjá Landgræðslu ríkisins um uppgræðslu á svæðinu.


Náttúrufræðistofnun Íslands gerði úttekt á gróðurfari, flóru og fuglalífi svæðisins að beiðni Vegagerðarinnar. Athugunarsvæðið afmarkaðist af 100 m breiðu belti beggja vegna fyrirhugaðrar veglínu. Vistgerðir voru kortlagðar og skoðað hvort sjaldgæfar eða sérstæðar vistgerðir væru á svæðinu. Gróðurfur athugunarsvæðisins einkennist aðallega af þurrlandi, einkum moslendi, þar sem landið liggur hæst yfir sjávarmáli en grasgefinn mói og graslendi þegar neðar dregur. Þar sem landið liggur lægst tekur við deiglendi með mýrlendisblettum inn á milli. Landið er allvel gróið en sums staðar er töluvert af grjóti í moslendu og grýttir melar þar sem gróðurþekjan er minnst. Moslendi er ríkjandi og nær til 65% af flatarmáli athugunarsvæðisins en þekja annarra vistolunda er um eða innan við 10%. Þá var fuglalíf svæðisins kannað miðað við árstíma og lagt mat á það út frá fyrirbyggjandi gögnum og vistgerðum á svæðinu. Niðurstöður rannsóknanna eru birtar í skýrslu stofnunarinnar.⁵

⁴ <http://vistgerdakort.ni.is/>

⁵ Rannveig Thoroddsen, Borgný Katrínardóttir og Sigmar Methúsalemsson, 2019: *Nýr vegur frá Látravatni til Látravíkur; úttekt á vistgerðum, flóru og fuglalífi*. Unnið fyrir Vegagerðina, Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-19016.

6. Umhverfisskýrsla

Um fjöllum um kosti, öflun upplýsinga og aðferðarfræði



Mynd 9. Samanburður á veglínu í gildandi deiliskipulagi (rauð) og tillögu að breyttri veglínu (svört).

Við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar er gerður samanburður við núllkost, þ.e. óbreytta veglínu eins og hún er sýnd í deiliskipulagi Látrabjargs. Um þá veglínu er fjallað í umhverfisskýrslu deiliskipulags Látrabjargs og hún borin saman við núverandi veglínu sem liggur í gegnum þorpið. Tillaga að breytingu á veglínunni nú kemur til vegna breytinga á hönnunarstigi vegarins, og er þannig um minniháttar breytingu að ræða líkt og sést á mynd 8. Því á mat á nýrri veglínu í umhverfisskýrslu með deiliskipulagi Látrabjargs enn við að einhverju leyti, t.d. samfélagsleg áhrif.

Helstu áhrif við byggingu nýs Örlygshafnarvegjar um Hvallátra felast í bættu umferðaröryggi. Einnig verða breytingar á því landsvæði sem fer undir veg, t.d. þar sem vegur fer yfir lítt snortið land og raskar grónum svæðum. Breytt veglína mun þó hafa minni umhverfisáhrif á þætti eins og gróður og votlendi, en Náttúrufræðistofnun Íslands vann úttekt fyrir Vegagerðina á vistgerðum, flóru og fuglalífi á svæðinu og tekur tillaga að breyttri legu vegarins tillit til þeirrar úttektar. Báðar veglínur liggja innan 100 m frá skráðum menningarminjum og verður samráð haft við Minjastofnun Íslands á framkvæmdatíma. Nýr vegur hefur sjónræn áhrif, markar ný spor í landslagið og skiptir því upp, en lítill eða enginn munur er á þeim sjónrænu áhrifum sem breytt veglína og núllkostur koma til með að hafa.

Það sama má segja um áhrif efnistöku í tengslum við vegagerðina, en hún mun hafa sjónræn áhrif. Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnispörf framkvæmdarinnar og frágangi náma að efnistöku lokinni. Efnistakan getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar og/eða jarðmyndanir, auk þess sem hún hefur sjónræn áhrif í för með sér. Efnistökuastaðir og efnispörf mun ráðast af staðsetningu vegarins.

Í umhverfisskýrslu deiliskipulagsins kemur fram að færsla Örlygshafnarvegjar úr þorpinu á Hvallátrum og suður fyrir þorpið sé ein nauðsynlegasta mótvægisáðgerð sem gerð er á svæðinu við auknum fjölda ferðamanna út á Bjargtanga og í nágrenni Látrabjargs. Fléttast þar saman öryggi sumarbústaðaeigenda á Hvallátrum og ferðamanna á leið út á Bjargtanga. Frekari uppbygging í þorpinu er háð því að vegurinn verði fluttur, eins og fram kemur í umhverfisskýrslu deiliskipulagsins.

Við mat á umhverfisáhrifum er unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Framsetning er í formi texta og/eða venslataflna. Stuðst hefur verið við fyrirliggjandi upplýsingar um framkvæmdina þ.e. gögn frá Vegagerðinni.

Áhrifa- og umhverfisþættir og viðmið

Eftirfarandi umhverfisþættir eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af völdum færslu veglínunnar.

- Landslag og sjónræn áhrif.
- Gróður og jarðvegur.
- Dýralíf.
- Samfélag.
- Fornleifar og menningarminjar.
- Verndarsvæði.

Í umhverfisskýrslu er fjallað um hugsanleg áhrif breytingarinnar á þessa umhverfisþætti. Val á umhverfisþáttum byggist á mati á umhverfisáhrifum skipulagsáætlunarinnar og á frekari greiningu á því hvaða þættir umhverfisins gætu orðið fyrir áhrifum vegna breytingar þessarar á áætluninni. Ef í ljós kemur að umhverfisáhrif á einhvern af áðurtöldum þáttum séu talin veruleg verða mögulegar mótvægisáðgerðir og/eða vöktun lagðar til.

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum verða byggðar á þremur meginþáttum:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum áhrifa á einstaka umhverfisþætti.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings, sem kunna að liggja fyrir, sbr. kafla um kynningu og samráð.

Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti verður stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðasamninga, lög og reglugerðir. Í töflu 1 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati á deiliskipulaginu. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan hefur í för með sér.

Umhverfisþættir	Umhverfisviðmið
Landslag og sjónræn áhrif	Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 57. gr. laga um náttúruvernd, og 3. gr sömu laga um að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis. Verndargildi skv. náttúruminjasrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags. Langtímaáætlun Vegagerðarinnar um námufrágang 2004-2018.
Gróður og jarðvegur.	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur. Listi yfir friðlýstar plöntur skv. auglýsingu um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda, Stj.tíð. B, nr. 184/1978. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020- II. Kafla nr. 7-9 og Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2010-2013- sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnytingu og endurheimt landgæða.
Dýralíf	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla og spendýr. 6 gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.
Samfélag	Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. Sjá kafla um atvinnuvegi og samfélagsþætti, samgöngur.
Fornleifar og menningarminjar	Fornminjar (forngripir og fornminjar), skv. 3. gr laga um menningarminjar nr. 80/2012. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Skv. 1. gr sömu laga, sem ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu, teljast menningarminjar ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu.
Verndarsvæði	Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018. Náttúruminjasrá – Aðrar náttúruminjar nr. 307. Breiðavík, Hvallátrar og Keflavík.

Tafla 1. Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu

Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi áhrifa:

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfispátt
Óveruleg	0	Óveruleg áhrif á umhverfispátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfispátt

Tafla 2. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins.

Umhverfismat

Umhverfispættir	Valkostir	
	Breyting – Ný veglína Örylgshafnarveggar	Núllkostur – óbreytt lega Örylgshafnarveggar
Landslag og sjónræn áhrif	0 Breytt lega vegar er vel löguð að landi en mun óhjákvæmilega verða sýnileg.	0/- Veglínan er óhjákvæmilega sýnileg.
Gróður, jarðvegur og jarðmyndanir	+	-
	Óhjákvæmilegt er að gróður í og við vegstæði verði fyrir raski. Breytt veglína hefur þó mun minna rask á gróðri og jarðvegi í för með sér en óbreytt lega. Mun minna rask verður á votlendi sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Engar friðaðar eða verðmætar jarðmyndar eru í eða við nýja veglínu og ættu því ekki að verða fyrir raski.	Óbreytt veglína hefur meiri áhrif á votlendissvæði. Vegagerð hefur alltaf jarðrask í för með sér.
Dýralíf	0 Breytt veglína mun hafa óveruleg áhrif á dýralíf á svæðinu.	- Óbreytt veglína mun hafa neikvæð áhrif á fugla þar sem hún felur í sér meira raski á votlendi og þá á búsvæði fugla.
Samfélag	+	-
	Breytingin hefur jákvæð áhrif á öryggi og vegfarenda að vetrarlagi þar sem snjósöfnun er minni en á þeirri línu sem skilgreind er í gildandi áætlun. Breytingin hefur þannig enn frekar jákvæð áhrif á möguleika ferðaþjónustu til framtíðar, með bættum vegasamgöngum.	Óbreytt áætlun getur haft neikvæð áhrif á öryggi vegafarenda og íbúa/sumarhúsaeigenda að Hvallátrum vegna snjósöfnunar að vetrarlagi á hluta leiðarinnar. Áhrif óbreyttrar áætlunar getur haft neikvæð áhrif á möguleika ferðaþjónustu til framtíðar, með torfærum vegasamgöngum að vetrarlagi.
Fornleifar og menningarminjar	0 Friðlýstar fornleifar eru allar utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Nokkuð er af skráðum minjum í grennd við veglínuna sem taka skal fyllsta tillit til við	0 Friðlýstar fornleifar eru allar utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Nokkuð er af skráðum minjum í grennd við veglínuna sem taka skal fyllsta tillit til við

	framkvæmdir, í samráði við Minjastofnun Íslands.	framkvæmdir, í samráði við Minjastofnun Íslands.
Verndarsvæði	0 Breytt lega veglínunnar hefur óveruleg áhrif á þá þætti sem tilteknir eru í gildandi aðalskipulagi Vesturbyggðar og þá þætti sem tilgreindir eru í Náttúruminjaskrá.	0 Áhrif veglínunnar óveruleg á þá þætti sem tilteknir eru í aðalskipulagi Vesturbyggðar og í Náttúruminjaskrá.

Tafla 3. Samanburður á valkostum.

Valkostur	Umhverfispættir					
	Landslag og sjónræn áhrif	Gróður og jarðvegur.	Dýralíf	Samfélag	Fornleifar og menningarminjar	Verndarsvæði
Breyting Breytt veglína	0	-	0	+	0/-	0
Núllkostur Óbreytt veglína	0	-	-	-	0/-	0

Tafla 4. Samanburður við núllkost- Yfirlit.

Niðurstaða

7. Kynning og samráð

Samráð verður haft við Skipulagsstofnun aðrar stofnanir sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum skipulagsins varðandi umfang og áherslur umhverfismats deiliskipulags, eins og lög um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir.

- Samráð verður haft við Umhverfisstofnun vegna mögulegra raskana á verndarsvæði.
- Samráð verður haft við Minjastofnun Íslands vegna minja á svæðinu.
- Samráð verður haft við Orkubú Vestfjarða, vegna raflínu sem liggur um framkvæmdasvæðið.
- Samráð verður haft við Landeigendur um framkvæmdir, framkvæmdatíma og frágang á svæðinu.

Ef þörf reynist á að hafa samráð við aðra en áður talda aðila verður greint frá því í umhverfisskýrslu. Skipulags- og matslýsing þessi verður auglýst auk þess sem skipulagstillagan verður auglýst og gefast þá íbúum tækifæri að koma með skriflegar athugasemdir sem sveitarfélaginu ber að svara.

8. Heimildaskrá

Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018.

Birna Lárusdóttir og Sólveig Beck Guðmundsdóttir, 2014. Fornleifaskráning. BA-138 Hvallátur/BA-139 Breiðavík.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Lög nr. 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.

Náttúruminjaskrá. <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/>

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun. 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

Skipulagsstofnun. 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana

Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020, 2002. Umhverfisráðuneytið.

Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands, <http://vistgerdakort.ni.is/>.